

Stjórnarfundur 20. desember 2016

Fundur haldin þann 20. desember 2016 í gegnum Skype og á skrifstofu Aðalsteins Óskarssonar framkvæmdastjóra BsVest, milli kl: 11:00-12:30.

Mættir á fundinn voru: Andrea Jónsdóttir formaður (skype), Gísli Halldór Halldórsson, Pétur G. Markan (skype), Indriði Indriðason (skype), og Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (skype), einnig sátu fundin Sif Huld Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest og Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdastjóri BsVest, sem einnig rituðu fundargerð.

Gengið til dagskrá:

Fjárhagsáætlun 2017

Afgreiðsla styrkja til náms, verkfæra og tækjakaupa.

Minnisblað kynnt frá Ísafjarðarbæ

Erindi frá Ísafjarðarbæ

Stuðningur BsVest vegna lögfræðikostnaðar

Laun og kjör stjórnar

Annað

1. Fjárhagsáætlun 2017

Verkefnastjóri fór yfir fjárhagsáætlun 2017, fjárhagsáætlun mun ekki taka miklum breytingum árið 2017, mikil hagræðing hefur átt sér stað hjá Ísafjarðarbæ sem er að skila sér í því að ekki er mikil hækkun á áætlun frá 2016-2017 hjá Ísafjarðarbæ þó svo að mikið hefur verið um launahækkanir.

Jöfnunarsjóður hefur gefið út fyrstu áætlun fyrir málaflokk fatlaðs fólks á árinu 2017, þar er gert ráð fyrir að BsVest fái 366.602 millj. kr. það er hækkun um 46.246 millj.kr frá fyrra ári. Einnig hefur útsvar sveitarfélagana sem standa að BsVest hækkað. Samkvæmt samkomulaginu milli ríkis og sveitarfélaga sem undirritað var 11. desember 2016 eru sveitarfélög bundin af því að 0,25 prósentustig af þeirri hækkun útsvars sem þeim er tryggð vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks renni beint til þjónustu við fatlað fólk innan viðkomandi þjónustusvæða.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun með fyrirvara um breytingar á áætlun Vesturbyggðar.

2. Afgreiðsla styrkja til náms, verkfæra og tækjakaupa.

Stjórn samþykkir styrki til náms-, verkfæra- og tækjakaupa til þriggja einstaklinga, styrkirnir hljóða upp á 55.275 kr.

Vegna fárra umsókna til tveggja ára leggur formaður til að lækka heildarupphæð í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 vegna styrk til náms- verkfæra og tækjakaupa úr 600.000 kr. í 400.000 kr.

Stjórn samþykkir breytinguna.

3. Minnisblað kynnt frá Ísafjarðarbæ.

Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar kynnir minnisblað sem lagt var fram til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar þann 21. nóvember sl., í kjölfar þessa minnisblaðs hefur Ísafjarðarbær ákveðið að leggja upp í þá vegferð að Ísafjarðarbær taki yfir þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu af BsVest.

Meirihluti stjórnar BsVest telur það ábyrðahlutverk að áfram ætti að reka BsVest á grunni samstarfssamninga.

Stjórn leggur til að Ísafjarðarbær komi með formlegt erindi fyrir næsta framkvæmdastjóra fund sem haldin verður í janúar 2017.

4. Erindi frá Ísafjarðarbæ

Verkefnastjóri fer yfir erindi Ísafjarðarbæjar, trúnaðarmál, verkefnastjóri áréttar að verkefnahópur sé búin að fjalla um málið og telur brýn nauðsyn á úrræði sem þessu.

Stjórn tekur vel í málið og leggur til að áður en ákvörðun liggja fyrir þá þurfi kostnaðarmat að liggja fyrir vegna úrræðisins og einnig hagræðingin sem getur átt sér stað á öðrum stöðum á móti, sem og kostnaðarmat vegna breytinga sem þurfa að eiga sér stað til þess að úr þessu geti orðið.

Stjórn frestar málinu til næsta fundar.

5. Stuðningur BsVest vegna lögfræðikostnaðar.

Stjórn samþykkir að greiða kostnað á úttekt sem Tálknafjarðarhreppur lét gera er varðar kostnað sem féll á sveitarfélögin árið 2015, stjórn vill áréttta að þetta er einsdæmi og ef upp koma mál af þessum toga aftur þarf að fara fyrir stjórn áður en ákveðið er að fara þá leið að BsVest greiði kostnað.

6. Laun og kjör stjórnar

Rætt um niðurstöðu fundar Kjararáðs frá 29. október s.l., um hækkun þingfarakaups. Formaður gerði tillögu að samþykkt.

Laun stjórna og nefnda á vegum Byggðasamlags Vestfjarða verði óbreytt frá því í lok september s.l.. Málið komi að nýju til skoðunar þegar Alþingi hefur falið Kjararáð að fjalla að nýju um ákvörðun um breytingu þingfarakaups s.m.b. niðurstöðu fundar Kjararáðs 29. október s.l..

7. Annað

A. Starfshlutfall Verkefnastjóra

Framkvæmdastjóri BsVest leggur til að starfshlutfall verkefnastjóra BsVest verði hækkað upp í 100% og mun verkefnastjóri þá taka við daglegri umsýslu framkvæmdastjóra BsVest.

Stjórn tekur jákvætt í erindi framkvæmdastjóra en frestar afgreiðslu málsins til næsta stjórnarfundar og endanlegrar fjárhagsáætlunar 2017.

B. Framkvæmdastjórafundur, upplýsingafundur.

Formaður leggur til að upplýsingafundur fyrir framkvæmdastjóra sveitarfélagana sem standa að BsVest verði haldin 25 janúar nk.

Stjórn samþykkir tillöguna og felur verkefnastjóra að senda út fundarboð og skipuleggja fundinn.

Fundi slitið 12:30

Sif Huld Albertsdóttir
Verkefnastjóri BsVest.